

Föstudaginn 18. janúar 2008 kom stjórn Brunavarna A-Hún. saman til fundar að Norðurlandsvegi í húsi slökkviliðsins kl.12:00.

Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Ágúst Þór setti fund og skrifaði fundargerð.

Afgreiðslur:

1. Kosning formanns. Tillaga kom fram um Jón Aðalstein Sæbjörnsson og var það samþykkt..
2. Rætt erindi Óla Guðlaugs Laursen frá 30. nóvember 2007. Slökkviliðsstjóra falið að kalla bréfitara á fund. Rétt þykir að leggja áherslu á að ræða þarf við alla aðila á vettvangi þannig að hlutverk björgunaraðila sé skýrt á vettvangi slysa.
3. Erindi Kjalfells ehf., þar sem fram kemur að dekk undir Fordinum eru ekki nægjanlega burðarmikil fyrir bílinn. Slökkviliðsstjóri upplýsti að ný dekk séu væntanleg og söluaðili tekur hin til baka.
4. Slökkviliðsstjóri fer yfir verkefni og framkvæmdir Eldvarnareftirlitsins. Rætt um æfingar, fjölda slökkviliðsmanna, tímasetningar og verkfæra innan slökkviliðsins. Fram kom að æfingarátalun ársins hefur verið send slökkviliðsmönnum.

Fleira var ekki bókað.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 13.30.

Ritari Ágúst Þór Bragason (sign)

Andrés I. Leifsson (sign)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign)

Gróa Lárusdóttir (sign)